



Samþykkt fyrir öldungaráð

1. gr.

Samráðsvettvangur

Öldungaráð er samráðsvettvangur um þjónustu við aldraða og þróun öldrunarmála innan sveitarfélagsins Seltjarnarnesbæjar.

Á vettvangi öldungaráðs fer fram almenn stefnumótun og áætlanagerð Seltjarnarnesbæjar í málum sem varða íbúa sem eru 67 ára og eldri.

Öldungaráð er samráðsvettvangur á sviði öldrunarmála og er starfrækt á grundvelli 38. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga með síðari breytingum. Seltjarnarnesbær skal stuðla að því að aldraðir geti búið við eðlilegt heimilislíf í umgengni við aðra svo lengi sem verða má. Janframt verði tryggð nauðsynleg stofnanaþjónusta þegar hennar er þörf.

Markmið og tilgangur öldungaráðs er að fylgjast með þróun og þjónustu í öldrunarmálum innan Seltjarnarnesbæjar. Aldraðir skulu eiga kost á bestu þjónustu sem unnt er að veita á hverjum tíma og við framkvæmd þjónustunnar skal virðing borin fyrir mannlegri reisn, sjálfræði og sjálfstæði.

Á vettvangi öldungaráðs fer fram almenn stefnumótun og áætlanagerð Seltjarnarnesbæjar í málum sem varða aldraða íbúa bæjarins.

2. gr.

Verkefni öldungaráðs

Öldungaráð hefur eftirtalin verkefni á starfssvæði sínu:

1. Að fylgjast með þjónustu við aldraða, huga að samhæfingu þjónustunnar og stuðla að félagslegri velferð íbúanna.
2. Að fylgjast með framkvæmd og þróun þjónustunnar í öldrunarmálum og gera tillögur til sveitarstjórna um mögulegar breytingar á þjónustunni þar sem hennar er þörf.
3. Að leitast við að tryggja að aldraðir fái þá þjónustu sem viðkomandi þarfnast og kynna fyrir öldruðum þau úrræði og þjónustu sem í boði er.

Öldungaráð getur komið með tillögur til bæjarstjórnar um fyrirkomulag öldrunarþjónustu, þ.m.t. skipulag hennar. Meðferð tillagna öldungaráðs er hluti af stjórnsýslu Seltjarnarnesbæjar. Öldungaráð getur jafnframt sent erindi til yfirstjórnar heilbrigðisumdæmis um fyrirkomulag þjónustunnar, þ.m.t. skipulag hennar.

3. gr.

Eftirlit

Öldungaráð hefur eftirlit með framkvæmd laga um um málefni aldraðra nr. 125/1999 og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 með síðari breytingum og reglugerða byggða á þeim, eins og þau eru á hverjum tíma og að því marki sem lögin setja skyldur á herðar sveitarfélaga.

4. gr.

Samþykktar reglur og stefnur

Öldungaráð starfar í samræmi við reglur og samþykktir Seltjarnarnesbæjar.

5. gr.

Um skipan öldungaráðs

Öldungaráð er skipað sjö fulltrúum og jafnmörgum til vara skv. 2. mgr. 38. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga (með síðari breytingum) með hliðsjón af 8. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra (með síðari breytingum). Bæjarstjórn kýs þrjá fulltrúa og þrjá til vara og skal aðalmaður vera formaður ráðsins. Félag eldri borgara á Seltjarnarnesi kýs þrjá fulltrúa og þrjá til vara. Heilsugæslan á Seltjarnarnesi tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa þrjá fulltrúa í öldungaráð til fjögurra ára og þrjá til vara. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og bæjarstjórnar.

6. gr.

Starfsreglur öldungaráðs

Öldungaráð starfar samkvæmt samþykktum starfsreglum, þar sem m.a. er kveðið á um formennsku, undirbúning, fjölda funda og fleiri atriði.

Þar sem starfsreglum sleppir gilda almennar reglur um fundarsköp.

7. gr.

Fundaraðstaða, fundarritun o.fl.

Seltjarnarnesbær leggur öldungaráði til fundaraðstöðu og fundarritara.

Um ritun fundargerða öldungaráðs gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. samþykkt um stjórn Seltjarnarnesbæjar nr. 831/2013.

Fundargerðir öldungaráðs skulu lagðar fram til kynningar í fjölskyldunefnd.

8. gr.

Um hæfi og skyldur nefndarmanna í öldungaráði

Umfjöllun á vettvangi öldungaráðs er ekki hluti af stjórnslu Seltjarnarnesbæjar þar sem öldungaráð er samráðsvettvangur með fulltrúum 67 ára og eldri ásamt fulltrúum sveitarfélagsins.

Almennt eiga því hæfisreglur ekki eiga við um öldungaráð enda er ráðinu fyrst og fremst ætlað að fjalla um almenna stefnumótun og áætlanagerð. Ef umfjöllunarefni snýr hins vegar að einstaklingsbundnum málum getur komið til álita að beita hæfisreglum 20. gr.

sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993 sbr. og samþykkt um stjórn Seltjarnarnesbæjar nr. 831/2013.

9. gr.

Lagastoð og samþykki

Samþykkt þessi er sett með stoð í 2. mgr. 38. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga sbr. 8. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra.

Samþykkt þessi öðlast gildi með samþykki bæjarstjórnar.

Samþykkt í bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar þann 8. maí 2019